



Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Arnarhvoli við Lindargötu
150 Reykjavík

Reykjavík 23. maí 2023

2305006HA FHS
Málalýkill: 30.22

Efni: Umsögn um náttúruhamfaratryggingu Íslands

Í samráðsgátt stjórnvalda voru birt drög að reglugerð um náttúruhamfaratryggingu Íslands, þann 4. maí sl., mál nr. 92/2023. Í reglugerðinni er að finna ýmsar breytingar, en markmið þeirra á að vera að auka skýrleika reglugerðar, tryggja jafnræði og skilvirkni í meðferð bótamála hjá stofnuninni. Ekki á að vera um skerðingu á bótarétti að neinu leyti fyrir þá sem verða fyrir tjóni heldur er verið að reglufesta framkvæmd.

Hafnasamband Íslands hefur um árabil bent á að gildissvið fyrri reglugerðar hafi ekki verið nægilega skýrt og ítarlegt hvað varðar skilgreiningu hafnarmannvirkja. Með nýrri reglugerð hefur verið bætt við skilgreiningu hafnarmannvirkja með þeim hætti að nú teljast flotbryggjur til hafnarmannvirkja. Við stærri flóð hafa orðið verulegar skemmdir á flotbryggjum sem nýttar eru víða um land sem viðbót við landföst hafnarmannvirki. Um mikilvæga viðbót er að ræða við tryggingavernd við flóð af hafi

Hafnasambandið fagnar ofangreindri breytingu og styður umræddar breytingar hvað varðar ítarlegri skilgreiningu hafnarmannvirkja. Jafnframt ítrekar Hafnasambandið þá skoðun sína að brimbrjótar og grjótvörnir skuli einnig vera skilgreind sem hluti hafnarmannvirkja.

Virðingarfyllt

HAFNASAMBAND ÍSLANDS

Lúðvík Geirsson

formaður stjórnar Hafnasambands Íslands